



RHÍ Fréttir

Fréttabréf Reiknistofnunar Háskóla Íslands

Númer 37 maí 2002

VEFKERFI HÍ

Undanfarin misseri hefur verið unnið að þróun vefkerfis hjá Reiknistofnun Háskól Íslands. Þessu nýja vefkerfi er ætlað að verða sameiginleg skiptistöð allra upplýsingakerfa Háskólans. Þannig verði aðgengi nemenda sem og starfsfólks Háskólans stórlega bætt að þeim upplýsingum og aðgerðum sem þeir þurfa á að halda hverju sinni.

Í þessu tölublaði RHÍ Fréttir er farið ofan í saumana á þessu nýja kerfi og notagildi þess fyrir starfsmenn og nemendur kynnt.

Lesið ítarlega umfjöllun um vefkerfið sem hefst í þessu blaði. (bls. 3-6)



Tölvur endurnýjaðar

Í sumar verður ríflega þriðjungur tölvukosts tölvuvera Háskólans endurnýjaður með nýjum Dell Optiplex Pentium 4 tölvumbúnað flötum skjám. Auk þess verður hugbúnaður uppfærður og nýjir prentarar settir upp í nokkrum tölvuverum. *Nánari umfjöllun er um nýmæli í tölvuverum á bls 7.*



Nýjar Dell Optiplex Pentium 4 tölvur eins og þessi hér munu leysa af hólmi á sjöunda tug eldri véla í tölvuverum RHÍ í sumar. Vélarnar verða ýmist í borðeða turnútgáfum.

Nýir starfsmenn

Á undanförunum misserum hafa nokkrir nýir starfsmenn tekið til starfa við hinar ýmsu deildir Reiknistofnunar. Verða þeir nú að vanda kynntir lesendum RHÍ fréttu.

Hjá Notendadeild hafa bæst við þrjár nýir starfsmenn: Jón Björn Njálsson, Einar Valur Gunnarsson og Úlfar M. Ellenarson sem starfa munu við notendaþjónustu.

Á netdeild hafa tekið til starfa þeir Pétur Berg Eggertsson og Kristófer Sigurðsson sem starfa munu að uppbyggingu og rekstri HÍ netsins.

Á kerfiseild hefur hafið störf Halldór Bóasson sem starfar sem kerfisstjóri.



Nýju starfsmennirnir frá vinstri talið: Pétur B. Eggertsson, Úlfar M. Ellenarson, Halldór Bóasson, Jón B. Njálsson, Kristófer Sigurðsson og Einar Valur Gunnarsson.

Meðal efnis í blaðinu.....

Kennitölur úr rekstri

Starfsemin á liðnu ári

Starfsemin á liðnu ári

KENNITÖLUR ÚR REKSTRI

Sæþór L. Jónsson (slj@hi.is)

	nóv.95	nóv. '96	nóv. '97	nóv. '98	nóv. '99	nóv. '00	nóv. '01	Breyting 00>01
Notendur								
Skilgreindir alls	5.485	6.437	6.353	7.438	8.228	9.450	9.671	2%
Skilgreindir nemendur	4.375	5.265	5.110	5.879	6.721	7.499	7.776	4%
Virkir einstaklingar á mánuði (Unix)	2.743	3.354	3.075	2.634	1.813	1.117	1.272	14%
Tengingar Windows NT notenda við Unix		0	2.286	3.152	3.664	3.379	4.192	24%
HInet								
Skilgreind tæki	1.301	1.403	1.724	2.421	2.846	3.958		-100%
Undir beinni stjórn RHÍ	709	699	949	1556	1944	2336		-100%
Tölvupóstur								
Virkir notendur	4.201	5.073	5.363	6.483	7.026	7.538	8.224	9%
Móttekin skeyti	101.180	142.000	252.000	368.000	300.000	450.000	700.306	56%
Samanlögð stærð kerfispósthólfa (GB)							25	
Fjöldi IMAP-tenginga (pús.)							815	
Fjöldi POP-tenginga (pús.)							1.221	
WWW								
Fjöldi tenginga við RHÍ þjón (pús.)	379	1.384	3.016	3.894	4.973	9.214	11.394	24%
Gagnamagn sótt af RHÍ þjóni (MB)	2.000	8.700	23.716	20.200	32.721	73.608	92.439	26%
Gagnamagn sótt af „proxy“ þjóni (GB)	13	19	31	46	77	230	280	22%
Diskarými nemenda								
Á netþjónum (GB)	11.3	21.2	34.4	58.1	76.8	81.1	119	46%
Í notkun á netþjónum (GB)	9.4	15.7	25.5	46.6	60.3	71.6	79	11%
Meðalnotkun nemenda (MB)	2.2	3.1	5.2	8	9.3	10	11	5%
Tölvuver								
Fjöldi tölvuvera RHÍ	6	8	9	9	13	13	13	0%
Fjöldi einmenningstölva í tölvuverum RHÍ	83	113	116	151	207	208	209	0%
Fjöldi einmenningstölva í þjónustu RHÍ							292	
Innhringiaðgangur starfsmanna								
Virkir notendur				138	752	880	850	-3%
Fjöldi innhringilína				30	60	60	60	0%
Fjöldi tenginga				4930	25551	34060	30188	-11%
Tengitími samtals (klst.)				1270	7249	9284	8805	-5%
Meðalnotkun (klst.)				9.2	9.6	10.6	10.4	-2%
Hámarksnotkun (tengitími) yfir mánuð				132	179	186	151	-19%
Annað								
ADSL notendur							74	
Flakkarar							168	
Þráðlaus netkort							277	
Notendur á stúdentagörðum							314	
Póstlistar								
Fjöldi póstlista							163	

Ragnar Stefán Ragnarsson
ragnarst@hi.is

Þorkell Heiðarsson
thorkell@hi.is

VEFKERFI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hvað er vefkerfi HÍ?

Vefkerfi Háskóla Íslands er kerfi sem Reiknistofnun HÍ hefur verið með í smíðum um allnokkurt skeið fyrir Kennslusvið, Starfsmannasvið og Þróunar- og kynningarsvið.

Samfléttun upplýsingakerfa

Markmiðið með smíði vefkerfisins er að flétta öllum upplýsingakerfum Háskólans saman í eina heild, búa til eins konar upplýsingamiðstöð. Vefkerfið er hugsað út frá notendum kerfisins og þeim verkefnum sem þeir þurfa að leysa með því að draga út og birta aðeins þær upplýsingar og aðgerðir sem snúa að þeim. Þannig er ætlunin að auðvelda notendum aðgengi að þeim upplýsingum og aðgerðum sem þeir þurfa á að halda.

Vettvangur samskipta

Annar megintilgangur kerfisins er að útbúa samskiptavettvang nemenda og starfsmanna Háskólans. Þar með er aðgengi að upplýsingum auðveldað og

upplýsingaflæðið gert markvissara.

Vefkerfinu er ekki ætlað að taka yfir önnur kerfi s.s. nemenda- eða starfsmannakerfi. Hlutverk nýja kerfisins er að draga saman og birta upplýsingar úr þeim kerfum sem fyrir eru og gera þessar upplýsingar aðgengilegar á sama stað.

Fjórir áfangar

Uppbyggingu kerfisins má skipta í fjóra hluta: Nemendahluta, kennsluhluta, starfsmannahluta og stjórnsýsluhluta. Hafist var handa við nemenda- og kennsluhlutann og er það verk nú langt komið.

Næstu áfangar

Í næsta hluta verkefnisins sem þegar er hafinn verður m.a. unnið að rafrænni kennslukönnun, greiðslum á netinu, uppfærslu á kennsluskrá spjallkerfi, Tilkynningum frá deildarskrifstofum og einkunnagjöf.

Á næstu blaðsíðum verður farið ofan í saumana á ýmsum þáttum og möguleikum hins nýja vefkerfis.

1. INNSKRÁNING OG UPPHAFSSÍÐA

Skipta má vefkerfinu í tvo hluta, kennarahluta annars vegar og nemendahluta hins vegar. Innskráning í báða hlutana fer eins fram og upphafs-síður þeirra eru svipaðar.

Innskráning

Til þess að tengjast Vefkerfinu fer notandinn inn á Háskólasíðuna (www.hi.is) og skrifar notandanafnið sitt og lykilorðið í viðkomandi reiti á forsíðunni. Um leið og þetta gerist athugar vefkerfið hvaða notandi þetta er og setur upp forsíðu fyrir notandann með því sem honum er viðkomandi.

Nemendinn

Forsíðan sem nemandinn fær eftir innskráningu tengir hann við allar þær aðgerðir og upplýsingar sem honum eru ætlaðar. Forsíðan hans samanstendur af dagatali og lista yfir þau námskeið sem hann er skráður í með tengingu yfir í heimasíður námskeiðanna. Hann fær upp tilkynningar sem skráðar hafa

verið á námskeiðin og sér upplýsingar um hvernig hann er skráður í nemendakerfinu. Staðan á fram-sendingu tölvupóstsins er sýnd svo og hvort einkunnasending með SMS skilaboðum sé virk. Einnig fær hann upplýsingar um prentstöðuna sína sem og hversu mikið hann notar af diskaplássinu sínu. Vinstra megin á síðunni fær nemandinn upp valmynd sem er sérsniðin að þörfum hans.

Forsíða HÍ vefsins sem er jafnframt innskráningarsíða nýja vefkerfisins. Til þess að skrá sig inn á sína persónulegu síðu er slegið inn notendanafn og lykilorð í reitina neðst til vinstri.

Kennarinn

Forsíða kennarans er svipuð forsíðu nemandans við fyrstu sýn. Hún býður hins vegar upp á allskyns stillingar tengdar námskeiðum og samskiptum við nemendur.

Á síðunum hér á eftir verður fjallað sérstaklega um kennarahluta vefkerfisins.



2. KENNSLUHLUTI VEFKERFISINS

VEFUR STARFSMANNNSINS

Forsíða kennarans

Forsíðan sem kennarinn (starfsmaðurinn) fær upp inniheldur dagatal núverandi viku. Hann fær lista yfir þau námskeið sem hann kennir með tengingu við vefsíðu námskeiðsins. Tilkynningar frá þeim námskeiðum sem hann kennir kemur á forsíðuna hans. Valmynd fyrir aðra möguleika sem snúa að starfsmanninum kemur í gráa boxið vinstra megin á síðunni eins og t.d. tenging yfir í fjárreiður.

Vefpósturinn

Notendur geta bæði lesið og skrifað tölvupóst með því að fara í vefkerfi Háskólans. Þetta geta þeir gert hvar sem þeir eru staddir. Nemendur munu eingöngu nýta sér þessa leið til að lesa tölvupóstinn, hvort sem þeir eru staddir í tölvuverum eða heima hjá sér. Starfsmenn munu halda áfram að nota pósthöndlingu á sínum tölvum. En með Vefkerfinu geta þeir einnig komist í póstinn sinn frá öðrum stöðum svo framarlega sem þeir geta komist í vafra.

Dagatalið mitt

Bæði nemendur og starfsmenn hafa aðgang að dagatali þar sem notendur geta sett inn persónulega atburði. Auk þess er dagatalið tengt við námskeiðin sem viðkomandi kennir eða er nemandi í. Þannig birtast þeir atburðir sem kennari hefur sett inn á dagatal námskeiðs inn á persónulegt dagatal nemenda og kennara námskeiðsins. Með þessu getur kennari sett inn t.d. fyrirlestrartíma eða skilaverkefni á dagatal viðkomandi námskeiðs og þeir atburðir sjást sjálfkrafa hjá þeim nemendum sem skráðir eru í námskeiðið. Þar að auki koma inn merkisdagar eins og almennir frídagar, byrjun skólaárs, próftímabil, skráningardagar o.s.frv. sjálfkrafa inn á öll dagatöl.

Skrárnar mínar

Með því að fara í skrárnar mínar geta notendur á einfaldan máta tengst heimasvæðinu sínu og þannig nálgast öll þau gögn sem þeir vinna með í Háskólanum. Bæði starfsmenn og nemendur geta þannig náð í skjölin sín sem þeir vistuðu upp í Háskóla í gegnum vefinn. Einnig geta notendur sent skjöl yfir á heimasvæðið sitt með því að tengjast heimasvæðinu á þennan máta.

Framsending Tölvupósts

Notendur geta sett upp framsendingu á þeim tölvupósti sem sendur er yfir á pósthöndlingu þeirra í háskólanum. Þetta getur t.d. komið sér vel ef notandi notar að staðaldri annað netfang heldur en það sem hann hefur fengið úthlutað í Háskólanum.

VEFUR NÁMSKEIÐSINS

Öll námskeið með eigin vef

Öll námskeið Háskólans hafa nú sína eigin vefsíðu þar sem bæði verðandi og núverandi nemendur geta fundið helstu upplýsingar um námskeiðin. Þessar námskeiðssíður eru búnar til sjálfkrafa um leið og námskeið eru stofnuð í nemendakerfinu. Námskeiðsvefurinn er hvortveggja upplýsingaveita og samskiptavettvangur námskeiðana.

Námskeiðavefurinn

Forsíða námskeiðs inniheldur námskeiðslýsingu úr kennsluskrá ásamt þeim aðgerðum og upplýsingum sem eiga við þann notanda sem kemur inn á námskeiðssíðuna.

Forsíða námskeiðs.

Hverjir eru skráðir í námskeiðið mitt?

Nemendaskráningarluti allra námskeiðsvefja er uppfærður sjálfkrafa. Þetta tryggir að vefirnir innihalda ávallt nýjustu upplýsingar frá nemendaskrá HÍ um nemendur í viðkomandi námskeiði.

Efnisgreinar og skilaboðaskjóða

Kennari getur bætt við almennum upplýsingum á forsíðu námskeiðsins á auðveldan hátt. Þetta er gert með því að fylla inn í þar til gert form um nýjar efnisgreinar neðst á forsíðu námskeiðsins.

Skilaboðaskjóðan er hugsuð til þess að nemendur geti komið ábendingum á framfæri til kennara.

Kennari getur ekki séð frá hverjum skilaboðin koma þar sem sendingarnar úr skjóðunni eru nafnlausar.

Kennari getur valið hvort skilaboðaskjóða námskeiðsins er virk eða ekki. Aðeins nemendur viðkomandi námskeiðs geta sent skilaboð til umsjónarkennara viðkomandi námskeiðs.

Kennsluáætlun

Kennari getur sett upp kennsluáætlunina sína á vefnum þar sem hann getur breytt og bætt við atburðum fyrir ákveðnar vikur eða dagsetningar.

Dagatal námskeiðs

Hvert námskeið hefur dagatal þar sem kennari getur sett inn t.d. fyrirlestrartíma, verkefnaskil, prófdagsetningar o.s.frv. Þegar atburðir eru settir inn á dagatal námskeiðs þá koma þeir einnig

The screenshot shows a web interface for a course. At the top right, it says 'Verkfræðideild' and 'Let. Vefur'. Below that, there's a search bar with '08.71.41-020 Þróun hugbúnaðar'. The main content area is divided into several sections: 'Kennarar athugið' (Instructors please note), 'Kennisla' (Course), 'Um Háskólann' (About the University), 'Stjórn' (Administration), 'Nám / Deildir' (Courses / Modules), 'Rámskólinn' (The University), 'Stofnanir' (Institutions), 'Nemendur' (Students), and 'Aðrir vefir' (Other websites). There are also sections for 'Bætt við efnisgrein' (Improved content), 'Fyrirsögn' (Preview), 'Efnir' (Contents), and 'Bætt við efnisgrein' (Improved content). At the bottom, there's a section for 'Kennsluáætlun viku 24/02 2002 - 02/03 2002' (Course schedule week 24/02 2002 - 02/03 2002) with 'Leseftir: Kafi 18' and 'Glarur: Architecture'.

Kennisluáætlan

08.71.41-020 Þróun hugbúnaðar

Vormisseri 2002

06/01/2002 - 12/01/2002 **Bæta við**

Vísan: Dæmi úr efni vikunnar
 Lesefni: 1.1, 1.2, 1.4, 7.8, 7.9, 7.10
 Þriðjustí: 2.1, 2.4, 2.5, 2.6 (Breyta / Eyða) ebb@ph.is

19/01/2002 - 19/01/2002 **Bæta við**

Vísan: Dæmi úr efni vikunnar
 Lesefni: P: 3.11
 Glæsur: Notkunarbúi, HEB300 (Breyta / Eyða) ebb@ph.is

20/01/2002 - 26/01/2002 **Bæta við**

Vísan: Dæmi úr efni vikunnar
 Lesefni: P: 6.3, 6.4, 6.9-6.12 (Breyta / Eyða) ebb@ph.is

25/01/2002 - 02/02/2002 **Bæta við**

Vísan: Dæmi úr efni vikunnar
 Lesefni: P: 4.1-4.7, 6.5-6.8
 Glæsur: (Breyta / Eyða) ebb@ph.is

Kennisluáætlun - hér er hægt að breyta henni.

tilkynningin sé send öllum nemendum þessa tiltekna námskeiðs í tölvupósti.

Umsjón

Stillingar námskeiðs

Opna heimasíðu einungu þeim sem eru skráðir í námskeiðið

Opna umræðubræð

Opna skilabotsstöðu

Ekki birta kennsluáttun í forsiðu

Breyta stillingum

Vísun á aðra heimasíðu

Hér getur þú beint notendum sem koma inn á þessa síðu yfir á öðra. Hentar vel ef þú hefur nú þegar sett upp heimasíðu annars staðar.

Síða: Hefja vísun

Notendur sem mega breyta heimasíðu

Ekkja Þóra Hvamberg Kennari
 Hólagi Þorbjörgsson Kennari
 Reyvit Logi Halguson Eyða

Notandanafni: Bæta við notanda

Umsjónarsíða námskeiðs - frá þessari síðu er hægt að stjórna aðgangi að kennsluvef námskeiðs og skilgreina notendur sem vinna mega við vefinn.

Skráarsvæði

sjálfvirkinn inn á dagatal allra nemenda sem eru í því tiltekna námskeiði sem og hjá þeim kennurum sem kenna námskeiðið. Hægt er með auðveldum hætti að setja inn endurtekna atburði eins og vikulega fyrirlestra án þess að þurfa að bæta atburðinum í hverja viku fyrir sig.

Tilkynningar

Kennari getur komið tilkynningum á framfæri til nemenda sinna. Tilkynningarnar vistast á námskeiðssíðunni, þær koma einnig fram á forsiðu nemenda þegar þeir skrá sig inn í kerfið. Kennari getur valið hvenær tilkynningin er birt og hversu lengi hún muni lifa á forsiðu nemenda. Kennari getur einnig valið að

Öll námskeið hafa nú skráarsvæði þar sem kennarar geta sett inn þau skjöl sem tilheyra námskeiðinu. Kennarinn fær upp valmynd þar sem hann getur valið þau skjöl á tölvunni sinni sem hann sendir síðan yfir á skráarsvæði námskeiðsins. Með þessu getur kennarinn komið skjölum á hinum ýmsu formum til nemenda eins og word skjöl, glæsur, myndir, hljóðskrár og fleira.

Umræðubræðir

Nemendur geta komið með fyrirspurnir til kennara og annarra nemenda í námskeiðinu með því að nýta sér umræðubræðina. Í stað þess að svara einstökum fyrirspurnum nemanda í tölvupósti þá ná svör kennara til allra nemenda í viðkomandi námskeiði sem ætti að koma í veg fyrir síndurtekin svör. Kennari hefur möguleika á því að eyða út stökum svörum sem og þráðum.

Verkefni

Kennari getur sett inn þau verkefni og dæmi sem nemendur þurfa að gera. Hægt er að merkja verkefni sem skilaverkefni og skilgreina skiladag þess.

Ég vil ekki að aðrir en mínir nemendur hafi aðgang að námskeiðsgögnum á vefnum.

Þú getur læst gögnum sem þú dreifir til nemenda á vefnum þannig að einungis nemendur sem skráðir eru í viðkomandi námskeið hafi aðgang að þeim.

1. Skráðu þig inn í vefkerfi HÍ (sjá bls 3)
2. Veldu vefsíðu viðkomandi námskeiðs.
3. Veldu aðgerðina "Umsjón"
4. Hakaðu við: Opna heimasíðuna eingöngu þeim sem skráðir eru í námskeiði.
5. Smelltu á hnappinn "Breyta stillingum".

Nú ertu búinn að loka námskeiðsvefnum fyrir öðrum en skráðum nemendum viðkomandi námskeiðs. ATH - að vefur námskeiðs er sjálfkrafa stilltur á "opinn" nema að honum hafi verið lokað eins og hér er lýst.

Tilkynningar

08.71.41-020 Þróun hugbúnaðar

Verkefni #2 (25/02 2002) (Breyta / Eyða) ebb@ph.is
 Skiladagur fyrir Verkefni #2 ver í dag. Verkefnum á að skila til mín eða í höfðu mitt. Verkefnum á áttaf að skila til mín.

Verkefni #1 komið til haka (22/02 2002) (Breyta / Eyða) ebb@ph.is
 Eg dregtíð verkefni #1 í morgun í fyrirlestri.

Verkefni #1 komið til haka (22/02 2002) (Breyta / Eyða) ebb@ph.is
 Þú ert ekki söttu verkefni í morgun geta nálgast þú á skilaverkefnum hjá mér í VP-til.

Verkefni #1 komið til haka (22/02 2002) (Breyta / Eyða) ebb@ph.is
 Þú ert ekki söttu verkefni - heldur nokkur, eða verkefnið mitt fyrir 3-4 verk vöndu. Muni að verk getu innihaldið nokkur notunarbræð.

Verkefni #1 komið til haka (22/02 2002) (Breyta / Eyða) ebb@ph.is
 Þú ert ekki söttu verkefni - heldur nokkur, eða verkefnið mitt fyrir 3-4 verk vöndu. Muni að verk getu innihaldið nokkur notunarbræð.

Verkefni #1 komið til haka (22/02 2002) (Breyta / Eyða) ebb@ph.is
 Þú ert ekki söttu verkefni - heldur nokkur, eða verkefnið mitt fyrir 3-4 verk vöndu. Muni að verk getu innihaldið nokkur notunarbræð.

Verkefni #1 komið til haka (22/02 2002) (Breyta / Eyða) ebb@ph.is
 Þú ert ekki söttu verkefni - heldur nokkur, eða verkefnið mitt fyrir 3-4 verk vöndu. Muni að verk getu innihaldið nokkur notunarbræð.

Tilkynningar - Á þessari síðu er hægt að útbúa og senda nemendum tilkynningar.

Skráarsvæði

08.71.41-020 Þróun hugbúnaðar

- 08Architecture1.PDF (25/02 2002) (Breyta / Eyða) ebb@ph.is (Stær 20 zönn)
- Vísan B: Höpur (19/02 2002) (Breyta / Eyða) ebb@ph.is (Stær 20 zönn)
- 08matskjalad2.doc (25/02 2002) (Breyta / Eyða) ebb@ph.is (Stær 20 zönn)
- Vísan B: Matsbæð fyrir Verkefni #2 (19/02 2002) (Breyta / Eyða) ebb@ph.is (Stær 20 zönn)
- 08skiladagur.pdf (25/02 2002) (Breyta / Eyða) ebb@ph.is (Stær 20 zönn)
- Vísan B: Tvo damu ein stöðugt (25/02 2002) (Breyta / Eyða) ebb@ph.is (Stær 20 zönn)
- 08verkefni.pdf (25/02 2002) (Breyta / Eyða) ebb@ph.is (Stær 20 zönn)
- Vísan B: Skiladagurinn loga um verkefnið (25/02 2002) (Breyta / Eyða) ebb@ph.is (Stær 20 zönn)
- 08project.pdf (20/02 2002) (Breyta / Eyða) ebb@ph.is (Stær 20 zönn)
- Project 2 in English (19/02 2002) (Breyta / Eyða) ebb@ph.is (Stær 20 zönn)
- 08stodur.pdf (19/02 2002) (Breyta / Eyða) ebb@ph.is (Stær 20 zönn)
- Vísan B: Stöðugt (19/02 2002) (Breyta / Eyða) ebb@ph.is (Stær 20 zönn)
- 08stodur.pdf (19/02 2002) (Breyta / Eyða) ebb@ph.is (Stær 20 zönn)
- Vísan B: Sundbrautir (19/02 2002) (Breyta / Eyða) ebb@ph.is (Stær 20 zönn)
- 08umræðubræð.pdf (15/02 2002) (Breyta / Eyða) ebb@ph.is (Stær 20 zönn)
- Vísan B: Umfarir - verkefnið (15/02 2002) (Breyta / Eyða) ebb@ph.is (Stær 20 zönn)
- 08verkefni.pdf (14/02 2002) (Breyta / Eyða) ebb@ph.is (Stær 20 zönn)
- Vísan B: Verkefnið (14/02 2002) (Breyta / Eyða) ebb@ph.is (Stær 20 zönn)
- 08verkefni2.pdf (06/02 2002) (Breyta / Eyða) ebb@ph.is (Stær 20 zönn)

Skráarsvæði námskeiðs - hér er hægt að halda skipulega utan um öll skjöl og skrár sem tilheyra námskeiðinu.

Ebbi Þóra Hvanberg (ebba@hi.is) [Til baka á mína síðu / Loka vefsíðu]

Verkfræðideild

08.71.41-020 Þróun hugbúnaðar **Umræðuþræðir**

Nú þráðni | Fyrri þræði | Næstu þræði

Umræðuþræði	Tímasetning	Notandi	Svar
Verkefni 2 (Eva)	19/02 2002 12:48	gretark@hi.is	3
Þvíni (Eva)	14/02 2002 11:53	hlyms@hi.is	1
Verkefni 21 (Eva)	21/01 2002 13:44	ebba@hi.is	5
Verkefniþegar (Eva)	10/01 2002 08:44	ebba@hi.is	2

Nú þráðni | Fyrri þræði | Næstu þræði

Nemendur geta komið með fyrirspurnir til kennara og annarra nemenda í námskeiðinu með því að nýta sér umræðuþræðina.

Umfræðingur

22.07.2002 10:00

Umræðuþræðir - á síðunni er hægt að spjalla við nemendur námskeiðs og svara fyrirspurnum.

Hvernig kem ég námskeiðsgögnum til nemenda minna?

Þú getur komið gögnum nauðsynlegum nemendum í námskeiðinu þínu (t.d. glósum) til þeirra á auðveldan hátt:

1. Skráðu þig inn í vefkerfi HÍ (sjá bls 3)
2. Veldu vefsíðu viðkomandi námskeiðs.
3. Veldu aðgerðina "Skráarsvæði"
4. Veldu staðsetningu skráar.
5. Smelltu á hnappinn "Bæta við skrá".

Nú hafa nemendur þínir fengið aðgang að skránni.

Hvernig næ ég í nemendur mína?

Nú getur kennari námskeiðs náð til allra nemenda skráða í námskeiðið á einfaldan og fljótlegan hátt:

1. Skráðu þig inn í vefkerfi HÍ (sjá bls 3)
2. Veldu vefsíðu viðkomandi námskeiðs.
3. Veldu aðgerðina "Tilkynningar"
4. Fylltu út vefformið.
5. Smelltu á hnappinn "Senda".

Nú eru allir nemendurnir sem skráðir eru í viðkomandi námskeið búnir að fá tölvupóst frá þér.

Efni frá Kennara

Kennari getur einnig bætt við öðru efni sem hann getur flokkað niður í ákveðna efnisflokk eins og ítarefni, lausnir verkefna, til fróðleiks og fleira.

Tenglar

Kennari getur sett inn vef tengla á námskeiðssíðurnar og þannig bent nemendum sínum á hvar á Netinu þeir geti nálgast efni tengt námskeiðinu. Þeir geta látið heiti og lýsingu á tenglinum fylgja með.

STARFSEMI SÍDASTA ÁRS

Að venju var starfsemi reiknistofnunar fjölbreytt á liðnu ári. Hér á eftir eru helstu þættir starfseminnar á liðnu ári kynntir.

Starfsmannamál

Nokkur hreyfing var á starfmönnum RHÍ á árinu. Jón Ingi Einarsson fór í árs launalaust leyfi og tók við stöðu framkvæmdastjóra Rannsóknna og háskólanets Íslands hf. (RHnet) Sex nýir starfsmenn voru ráðnir. Stofnuninni var skipt upp í 4 deildir, Hugbúnaðarþróun, undir stjórn Ragnars Stefáns Ragnarssonar, Kerfisþjónusta, undir stjórn Magnúsar Gíslasonar, Netdeild,

undir stjórn Jóns Inga Einarssonar, en Pétur Berg Eggertsson leysti hann af frá maí byrjun og Notendaþjónustu undir stjórn Alberts Jakobssonar. Marius Ólafsson var Netstjóri RHÍ og RHnet. Á árinu hættu þeir Elías Halldórsson kerfisstjóri og Ragnar Már Vilhjálmsson sérfræðingur í Notendaþjónustu og eru þeim þökkud vel unnin störf.

Hugbúnaðarþróun

Hugbúnaðarþróun Reiknistofnunar lauk 1. áfanga af Vefkerfi Háskólans haustið 2001 eins og sagt er frá annars staðar í blaðinu. Þrátt fyrir að vefkerfið hafi verið stærsta verkefnið

árið 2001 hjá Hugbúnaðarþróun RHÍ þá var unnið við mörg önnur verkefni tengdum nemenda-, fjárhags-, starfsmanna- og símkerfi Háskólans.

Notendaþjónusta

Á s.l. ári bættust deildir inn í þjónustusamningakerfið hjá notendaþjónustu, þar sem deildir eru með fastan tíma hjá notendaþjónustu í hverri viku. Deildirnar sem bættust við voru Lagadeild og Hjúkrunarfræði. Það bættust þrír starfsmenn við notendaþjónustu á síðasta ári og hefur þjónustustigið hækkað hjá notendaþjónustu.

Net- og símamál

– Tengingar frá Tæknigarði í Odda, Aðalbyggingu, Grensásveg 12, Grensásveg 50, Endurmenntun og Bókhöðuna voru uppfærðar í 1Gbit/sek.

– Aðalbygging 2. og 3. hæð var víruð upp á nýtt og stokkar og rennur settar upp og lagt “fiber to the desk”

– Slökkt var á gömlum kerfum, eins og gömlu ljósleiðarastjörnunni í Tæknigarði og Apple Localtalk í Aðalbyggingu og í Læknagarði.

– Byrjað var á að setja inn netskipta (svissa) í stað netnafa (höbba) í netkerfi húsanna og voru 16 nafar teknir niður og skiptar settir í staðinn. Áfram verður haldið með þessa þórun sem leiðir af sér öruggari og hraðari tölvunet í húsunum.

– 1. áfanga uppbyggingar þráðlausa netsins er lokið en viðbætur við fyrri áætlanir eru til staðar og munu sendunum fjölga eitthvað ennþá. Nú eru komnir upp 41 sendar víðsvegar á háskólasvæðinu.

– Læknagarður 1. hæð var innréttuð og nýjar tölvu- og símalagnir voru lagðar á hæðina. Tölvuver sem fyrir var á 3.hæð var fært niður á 1.hæð.

– Tengingin við Ármúla 30 var uppfærð úr 128 Kbps í 2Mbps í gegnum Grensásveg 12.

– Tölvunet var endurnýjað í ýmsum byggingum Háskólans s.s. Árnagarði, Nýja Garði og grensásvegi 50. Á þessum stöðum var skipt um netbúnað í því augnamiði að gera netsamband hraðvirkara og öruggara.

– IP símar voru settir upp í nýju húsnæði nemendaráðgjafarinnar og á Grensásvegi 50.

Hvað bakbein HÍ netsins varðar þá er sú breyting orðin á með nýjum búnaði á bakbeininu að hægt er að bjóða upp á 1Gbps tengingar út í hinar ýmsu háskólabyggingar og mun þeim fjölga á næstunni. Fimm nýjar tækjaskápar voru keyptir og settir upp í vélasalnum okkar og hefur gjörbreytt skipulagi vélsalarins til hins betra.

Kerfisþjónusta

Róttækar breytingar voru gerðar á kerfisþjónustu RHÍ á árinu. Óhjákvæmilega ollu þær nokkrum truflunum. Mest urðu menn varir við truflanir á pósthjónustu sem komu sér mjög illa.

Kom í ljós að orsökina lágu í nýju diskaboxi sem sett var við pósthjóninn.

Álagið á pósthjónusturnar hefur aukist mikið og gert er ráð fyrir að skipta um pósthkerfi á árinu 2002.

– Ný vél (Herðubreið) tekin í notkun og heimasvæði starfsmanna HÍ færð yfir á hana

– Nýr sendmail settur upp með vírusfilter. Þegar sem hæst stóð var hann að filtera um 9 þús skeyti á sólahring (9 þús sem hann henti).

– Spam filter settur upp á pósthjón. Hann hendir um 2000 skeytum á dag

– Ný afritunarstöð tekin í gagnið. Geymslugeta er nú 1.5TB óþjappað í stað 160GB sem er tæplega tífoldun.

– Vefpósthkerfið fært í SquirrelMail útgáfu 1.2.5. Enn er það of hægvirkt og eru bundnar vonir við að nýtt pósthkerfi muni bæta þar um.

– Kerfisstjórn tekur í notkun verkferilskerfi (ticketing) til þess að bæta rekstur kerfanna.

FRAMKVÆMDIR Í TÖLVUVERUM

Eins og sagt er frá á forsiðu mun í sumar um þriðjungur tölva í tölvuverum RHÍ verða endurnýjaður.

Nýju tölvurnar eru af gerðinni Dell Optiplex GX 240. Þetta eru vélar búnar Intel Pentium 4 örgjörva og koma þær með 15 tommu TFT/LCD (Active Matrix Liquid Crystal Display) flatskjám sem er nýjung í tölvuverum RHÍ. Allar vélarinnar verða með Windows 2000 stýrikerfi og Microsoft Office 2000 hugbúnaði.

Aukin sjálfvirkni

Mikil vinna hefur farið í að sjálfvirkni-væða Windows 2000 uppsetningar fyrir tölvuver, þ.e. gera þær fljótlegri og einfaldari í sniðum. “Remote Desktop Sharing” (Remote Admin) er nú uppsett á öllum tölvum sem gefur möguleika á fjartengingu við



Tölvuverið í Odda 301

viðkomandi vinnustöð svo hægt sé að gera lagfæringar ef með þarf. Auk þess er nú skráakerfi tölva í tölvuverum yfirfarið og uppfært sjálfvirkt á hverri nóttu.

Einfaldari rekstur

Vinnu við að taka úr notkun eldri netþjóna sem haldið hafa utan um uppsetningar fyrir tölvuver lýkur

á þessu ári. Við þetta verður sú grundvallar breyting að öll tölvuver sækja nú uppfærslur (image) á einn og sama netþjón sem staðsettur er í Tæknigarði. Prentþjónusta fyrir öll tölvuver verður einnig á sérstökum prentþjóni. Þetta fyrirkomulag kemur til með að einfalda mjög alla umsjón með daglegum rekstri tölvuvera og prentbiðraða.

17 tölvuver

Í dag nær umsjón tölvuvera RHÍ til 17 tölvuvera; samtals 265 vinnustöðva og 16 prentara. Þar með eru talin tölvuver Endurmenntunarsstofnunar, tölvuver Tungumálamiðstöðvar og tölvuver Verkfræðideildar.

HANDHÆGAR UPPLÝSINGAR

Starfsmenn RHÍ, og netföng þeirra

Almennur rekstur

Skrifstofa Reiknistofnunar sinnir öllum almennum málum og er opnunartími frá 09 til 15 virka daga. S: 525 4761 ; Fax: 552 8801.

• Sæþór L. Jónsson	forstöðumaður	slj@hi.is
• Katla Gunnarsdóttir	fulltrúi	katlag@hi.is
• Marius Ólafsson	netstjóri	marius@hi.is

Notendapjónusta

Notendapjónustan sinnir einkatölvunotendum, rekstri tölvuvera, PC hugbúnaði á netþjónum, upplýsingadreifingu til notenda, námskeiðahaldi og kerfisþróun innan skólans. Símanúmer deildarinnar er 525-4222 og netfangið help@hi.is

• Albert Jakobsson	deildarstjóri	aj@hi.is
• Einar Valur Gunnarsson	einmenningstölvur	einarv@hi.is
• Finnur Þorgeirsson	einmenningstölvur	fth@rhi.hi.is
• Jón Björn Njálsson	einmenningstölvur	jonbjorn@hi.is
• Jón Elías Þráinsson	einmenningstölvur	jonelias@hi.is
• Úlfar M. Ellenarson	einmenningstölvur	umej@hi.is
• Steingrímur Óli Sigurðarson	umsjón tölvuvera	steingro@hi.is

Hugbúnaðardeild

Hugbúnaðarsvið sinnir þróun og viðhaldi á kerfum fyrir Háskólann.

• Ragnar Stefán Ragnarsson	deildarstjóri	ragnarst@hi.is
• Páll Haraldsson	kerfisgerð	qwerty@hi.is
• Helgi Hálfðánarson	kerfisgerð	helgiha@hi.is
• Magnús Atli Guðmundsson	kerfisgerð	mag@hi.is

Net- og símadeild

Deildin annast rekstur og þróun á neti og símkerfi HÍ.

• Jón Ingi Einarsson	nettengingar	jie@hi.is
• Pétur Berg Eggertsson	netmaður	pbe@hi.is
• Kristófer Sigurðsson	netmaður	ks@hi.is
• Bjarni Guðnason	símsmiður	bg@hi.is

Kerfisdeild

Deildin sinnir umsjón og rekstri Unix tölva RHÍ, afritatöku og netþjónum.

• Magnús Gíslason	deildarstjóri	magnus@hi.is
• Halldór Bóas Halldórsson	kerfisstjóri	halbo@hi.is
• Þór Sigurðsson	kerfisstjóri	tosi@hi.is

Síma- og heimsóknartími notendapjónustu í Tæknigarði er virka daga frá kl. 09 - 12. S: 525 4222

INNHRINGIÞJÓNUSTA RHÍ

Innhringibúnaður fyrir starfsmenn:

sími: 525-5100 -- tengist frá 14.400 bás uppí 56.000 bás, auk ISDN
Nánari upplýsingar er að fá á slóðinni: www.rhi.hi.is/net/innhringi/index.html

ADSL tenging starfsmanna

Nánari upplýsingar er að fá á slóðinni:
www.rhi.hi.is/net/adsl

Innhringibúnaður fyrir nemendur:

sími: 525-5150 -- tengist frá 14.400 bás uppí 56.000 bás, auk ISDN
Nánari upplýsingar er að fá á slóðinni: www.rhi.hi.is/net/innhringi/index.html

Þráðlaust net

Nánari upplýsingar er að fá á slóðinni:
www.rhi.hi.is/net/wavelan

Fréttabréf þetta er gefið út af Reiknistofnun Háskólans. Því er ætlað að vera kynning á þeirri þjónustu sem býðst hjá Reiknistofnun. Ábendingar varðandi efni bréfsins eru vel þegnar og sendist til forstöðumanns stofnunarinnar.

Útgefandi:
Reiknistofnun
Háskóla Íslands

Ritstjórn og umbrot:
Porkell Heiðarsson

Ábm: Sæþór L. Jónsson

Prentun: Ísafold